

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir, sviðsstjóra
Dags. 14. apríl 2023
Mnr. 2022050015



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - gjaldskrá hafnar 2023

Á 239. fundi hafnarstjórnar, þann 10. mars 2023, var lögð fram tillaga að uppfærðri gjaldskrá hafna Ísafjarðarbæjar vegna breytinga á orðalagi og fyrirkomulagi bryggjugjalda og farþegagjalda.

Var málið til umræðu, en frestað til næsta fundar, þar sem nefndin óskaði eftir útreikningum varðandi bryggjugjöld.

Á næsta fundi hafnarstjórnar, þann 12. apríl 2023, var málið tekið fyrir á nýjan leik, ásamt því að nýtt minnisblað hafnarstjóra var lagt fram með samanburði á bryggjugjöldum hafna Ísafjarðarbæjar og hafna í Reykjavík, Vestmannaeyjum, Akureyri, Hafnarfirði og Múlaþingi.

Hafnarstjórn bókaði tillögu til bæjarstjórnar um að samþykkja uppfærða gjaldskrá varðandi bryggjugjöld. Láðist að bóka tillögu til bæjarstjórnar um að samþykkja uppfærslu gjaldskrárinnar vegna farþegagjaldanna. Fundarmenn voru sammála um þær breytingar, bæði á 239. fundi og 240. fundi sínum.

Uppfærsla farþegagjalda laut að frekari útfærslu á innheimtunni, en fjárhæð gjaldsins er óbreytt.

Lagt er til að uppfært ákvæði 2. mgr. 7. gr. gjaldskrár hafnarinnar fyrir árið 2023 verði eftirfarandi:

Farþegagjald skal greiða af hverjum farþega ferðaþjónustubáta og skemmtiferðaskipa. Gjaldið er kr. 205. Skipstjóri, umboðsmaður eða eigandi farþegaskips skal afhenda hafnaryfirvöldum upplýsingar um farþega fjölda til innheimtu gjaldsins. Skipstjórar, umboðsmenn eða eigendur þeirra báta sem stunda reglubundna farþegaflutninga skulu skila upplýsingum um farþega fjölda hvernar ferðar mánaðarlega og skal upplýsingum skilað eigi síðar en 3. hvers mánaðar fyrir næstliðinn mánuð. Skili ofangreindir aðilar ekki upplýsingum um farþega fjölda er heimilt að áætla fjölda farþega fyrir viðkomandi tímabil eða leggja á 25% álag ef skil á farþegatölum dragast umfram 20 daga.

Er ákvæði þetta hliðstætt ákvæðum annarra hafna um meðferð og innheimtu gjaldsins.

Lagt er því til við bæjarráð að samþykkja ofangreinda breytingatillögu á hafnargjaldskrá varðandi farþegagjöld, og gera tillögu til bæjarstjórnar um að taka málið inn með afbrigðum á fund bæjarstjórnar þann 18. apríl 2023, þar sem verið er að taka fyrir tillögu hafnarstjórnar frá 240. fundi um uppfærslu á bryggjugjöldum.